

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Reykjavík, 14. maí 2019

Kæru skólastjórnendur,

við á Menntavísindasviði fögnum aðgerðum stjórnvalda sem kynntar voru nýlega og felast í launuðu starfsnámi og námsstyrkjum til kennaranema, sem og til starfandi kennara sem sækja nám í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf. Undanfarna mánuði hefur starfshópur á vegum mennta-



og menningarmálaráðuneytis skipaður fulltrúum hagsmunaaðila unnið að samkomulagi og útfærslum á launaða starfsnáminu. Niðurstaða hópsins var sú að miðað við mikinn kennaraskort í leikskólum og vaxandi skort á grunnskólakennurum væri farsælast að kennaranemar á lokaári (fimmta ári) væru ráðnir til starfa við kennslu og menntun í 50% launuðu starfsnámi sem metið yrði til 30 eininga í háskólanámi þeirra. Gengið verður formlega frá skriflegu samkomulagi um launað starfsnám undir lok maímánaðar.

Menntavísindasvið býður skólastjórnendum til samráðsfunda í maí, þar sem fyrirkomulag launaðs starfsnáms og aðgerðinar í heild sinni verða ræddar:

Fundur með leikskólastjórnendum verður mið. 22. maí kl. 9.30-10.30, í stofu H207

Fundur með grunnskólastjórnendum verður mið. 22. maí kl. 14.00-15.00, í stofu H207

Kennaranemar eru þessa dagana að leita að lausum störfum. Eftirfarandi eru upplýsingar fyrir stjórnendur:

- Kennaranemi leitar sjálfur eftir kennarastarfi og nefnir í umsókn eða við skólastjóra að hann áformi að vera í launuðu starfsnámi næsta vetur
- Kennslustarfið þarf að tengjast sérhæfingu og námsleið viðkomandi kennaranema, og umsjón
- Samning þarf að gera milli Menntavísindasviðs, viðkomandi skóla og kennaranema
- Skólastjóri tilnefni leiðsagnarkennara sem veitir kennaranema ráðgjöf og stuðning
- Kennaranemi sækir að jafnaði vikulega tíma í háskóla og vinnur að lokaverkefni samhliða starfi
- Verkefnastjórar á Menntavísindasviði munu veita nánari upplýsingar: vettvangsnammvs@hi.is
- Kennaranemar á lokaári geta nú verið í launuðu starfsnámi á eigin vinnustað

Í liðinni viku sendi Samband íslenskra sveitarfélaga ykkur skólastjórnendum upplýsingar um launaða starfsnámið. Því til viðbótar eru hér í viðhengi hér tvö bréf ráðuneytinu; Fyrirkomulag um launað starfsnám og Námsstyrkir vegna aukinnar nýliðunar kennara. Loks er hér slóð á síðu ráðuneytisins þar sem finna má [svör við helstu spurningum.](#)

Hér skapast dýrmæt tækifæri til að efla enn frekar samvinnu um kennaramenntun enda er sú þjálfun og reynsla sem nemar fá á vettvangi forsenda þess að tryggja öflugan undirbúning fyrir komandi starfsævi. Það skiptir jafnframt miklu máli að skapa kennaranemum svigrúm til að helga sig náminu og ljúka því á tilsettum tíma. Við á Menntavísindasviði stefnum á enn meiri sókn og leggjum okkur fram um að efla gæði náms og kennslu sem best má. Það verður ekki gert nema í traustri samvinnu við ykkur, ágætu skólastjórnendur, sem og fagfólk á vettvangi. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á þennan samráðsfund – vinsamlega skráið ykkur til þátttöku [hér](#).

Með sumarkveðju,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs